

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. júní 2014
2014060008/42-0
KHS, TB
jgo/tb

Umsókn um undanþágu til að sigla nær arnarhreiðri en 500 m, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 28. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Ocean Safari um undanþágu til að sigla nær arnarhreiðri í svonefndum Kaleik.

Náttúrufræðistofnun vill í fyrsta lagi benda á að framangreind umsókn er að berast mjög seint, löngu eftir að varp er hafið, og að siglingar um viðkomandi siglingarleið eru þegar hafnar sem er ekki í samræmi við lög nr. 64/1994.

Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að heimila siglingar nær arnarhreiðrum en 500 m. Vel má finna aðrar siglingaleiðir og koma þar með í veg fyrir óþarf a röskun við umræddan varpstað. Siglingar á þessum stað eru um þróng sund og rétt er að benda á að sumstaðar eru þær vafalaust innan netlaga. Eftir því sem ferðaþjónustu aðilum sem stunda siglingar um Breiðafjörð fjölgar eykst hættan á að varpi arna sé ógnað. Gera verður þá kröfu að verndarákvæðum í lögum um vernd arnarins séu virt. Þær upplýsingar hafa borist til Náttúrufræðistofnunar að arnarparið í Kaleik hafi fælst upp af hreiðri vegna siglinga og að málið hafi verið tilkynnt til lögreglu. Jafnframt er bent á að Ocean Safari auglýsir sérstaklega haförn sem hluta af „Stars of the show”, sjá <http://www.happydays.is/en/vorur/flokkur/66/photo-wildlife-watching?sort=day-tours>, þó um sé að ræða tímabil sem örninn nýtur sértakrar verndar.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að skemmtisiglingar að arnarhreiðrum hafa ítrekað verið stundaðar í leyfisleysi og svo virðist einnig vera um Ocean Safari í ár. Ernir hafa fælst af hreiðrum og varp misfarist á þeim stöðum sem siglingar hafa verið stundaðar.

Náttúrufræðistofnun telur það best og öruggast fyrir vernd arnarstofnsins að ákvæði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 64/1994 um bann við að koma nær arnarhreiðum en 500 m frá 15. mars til 15. ágúst, nema brýna nauðsyn beri til, sé virt. Þannig má vonandi koma í veg fyrir röskun á varpstöðum hafarna af völdum skemmtisiglinga. Rétt er að benda á að vel má finna aðrar siglingaleiðir um Breiðafjörð og verður vernd arnarins að ganga framar öðrum hagsmunum



sbr. lagaákvæði er það varða. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að Ocean Safari verði heimilað að sigla nær umræddu arnarhreiðri en 500 m.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður Stjórnsýsludeildar

